

1. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Undralands haldinn þriðjudaginn 4. september 2018 kl. 15.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir, formaður og Unnsteinn Eggertsson, sem nitaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarmey Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Friður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs. Ásta Rún Jónsdóttir, mætti ekki til fundarins.

FUNDARSTAÐUR: LEIKSKÓLINN UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Hlutverk og verkswið skólanefnda
2. Undirritun á trúnaðarbréfi
3. Erindisbréf skólanefndar
4. Erindi
 - a. Tölvupóstur dags. 9. ágúst frá Sambandi sveitarfélaga með leiðbeiningum til nýrra skólanefnda
 - b. Bréf frá Sambandi sveitarfélaga dags. 24. ágúst um innleiðingu persónuverndarlaga í leikskólum.
5. Skóladagatal
6. Eftirfylgni með ytra mati leikskólans
7. Breytingar á leikskólalóð
8. Ákvörðun um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna
9. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Gengið var til dagskrár.

1. Hlutverk og verkswið skólanefnda

Formaður fór yfir hlutverk og verkswið nefndarinnar eins og því er lýst í lögum. Nánari fróðleik má finna inn á vef Sambands Íslenskra sveitarfélaga, m.a. er þar gáttlisti sem nýtist nefndunum við störf sín. Fundarfólk var sammála að nýta gáttlistann í starfi nefndarinnar.

Formaður lagði til að byrjað verði að vinna skv. liðum 7 og 8 í gáttlistanum fyrir næsta fund og var það samþykkt.

2. Undirritun á trúnaðarbréfi

Nefndarfólk undirritaði yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnarskyldu.

3. Erindisbréf skólanefndar

Formaður fór efnislega yfir erindisbréf skólanefndar. Nefndin gerir athugasemdir við erindisbréfið þar sem rætt er um "Fræðslunefnd" í stað "Skólanefndar", auk þess sem starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Zero er talin við verkefna nefndarinnar, en svo er ekki. Samþykkt að formaður fari yfir orðalag og efnistöð erindisbréfsins, ásamt sveitarstjóra, og leggi fram að nýju á næsta fundi nefndarinnar.

FS
FP



UE
JBO

4. Erindi
a. Tölvupóstur dags. 9. ágúst frá Sambandi sveitarfélaga með leiðbeiningum til nýrra skólamefnda.

Í tölvupóstinum er rætt um námskeiðahald á vegum sambandsins fyrir nýjar skóla- eða fræðslunefndir og bent á litarefni sem finna má á vef sambandsins. Vefslóðin er <http://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolanefndir/>. Nefndarfólk er hvatt til að kynna sér efnið sem þar er að finna.

- b. Bref frá Sambandi sveitarfélaga dags. 24. ágúst um innleiðingu persónuverndarlaga í leikskólum.

Formaður lagði bréfið fram til upplýsinga. Unnið hefur verið að gerð vinnsluskrár fyrir leikskólann og fór sú vinna að mestu leyti fram í vor, en ljóst er að þeirri vinnu er ekki lokið.

5. Skóladagatal

Leikskólastjóri fór yfir skóladagatal Undralands fyrir starfsárið 2018 – 2019 og fór yfir helstu atriði í starfsemi leikskólans á nýju skólaári.

6. Eftirlit með ytra mati leikskólans.

Leikskólastjóri fór yfir stöðu mála. Vinnu við úrbætur er nánast lokið. Rætt var um hvernig Mentor er nýttur í starfi skólans og hver þróunin verður.

7. Breytingar á leikskólalóð.

Farið var yfir þær úrbætur sem gerðar hafa verið á lóð skólans.

8. Ákvörðun um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna

Rætt um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna nefndarinnar. Fundargögn verða hjóst inn á OneDrive þar sem fundarfólk getur nálgast þau.




Samþykkt að fundir verði að jafnaði síðasta fimmtudag í hverjum mánuði, kl. 15.00.

9. Önnur mál.

a) Vistunargjöld. Fulltrúi foreldraráðs spurðist fyrir um gjaldfrían leikskóla fyrir elsta árgang leikskólans, sbr. kosningaloforð meirihlutans. Formaður svaraði því til að unnið er að því verkefni í samræmi við stefnu meirihlutans.

b) Veikindaleyfi. Leikskólastjóri óskaði eftir veikindaleyfi frá og með 27. sept. Freyja, staðgengill leikskólastjóra, mun sinna störfum leikskólastjóra á meðan.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 15.50.

  
Freyja Þorleifsd.
Frieda Samundsd.